

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um Neyðarlínuna og dýr í neyð.

Frá Kolbrúnu Áslaugar Baldursdóttur.

- Hefur ráðherra kannað hvort Neyðarlínan geti tekið við tilkynningum frá almenningi um dýr í neyð og komið viðeigandi boðum til lögregluyfirvalda? Ef svo er, hvenær gæti það verklag hafist og hvernig hyggst ráðherra þá tryggja fjármagn til verkefnisins og þjálfun starfsfólks Neyðarlínunnar?
- Telur ráðherra að tilkynningarskylda þeirra sem verða varir við dýraníð eða aðra ótilhlýðilega meðferð eða aðbúnað dýra ætti að vera bundin í lög?

Munnlegt svar óskast.